

Atvinnuveganefnd Alþingis

Nefndarritari: Selma Hafliðadóttir

Vopnafirði 20. janúar 2014

Athugasemdir við Þingskjal 468 — 256. mál.

Tillaga til þingsályktunar
um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2014–2017.

(Lögð fyrir Alþingi á 143. löggjafarþingi 2013–2014.)

Breytingartillögur eru rauðar.

1.3. Bættar samgöngu.

e. Flugvöllur í Reykjavík verði áfram í **sem mestri** nálægð við stjórnsýslu og aðra þjónustu.

f. Áfram verði stutt við áætlanir flugklasa á Norðurlandi **og Austurlandi** um að tryggja beint millilandaflug til Akureyrar **og Egilsstaða**.

(Útskýring: Nú þegar er verið að styðja við áætlanir um klasa og beint millilandaflug til Egilsstaða með sóknaráætlun. Austurbrú er með verkefnastjóra í fullu starfi í verkefninu.)

3.2. Stuðningur við nýfjárfestingu og atvinnuuppbyggingu.

c. **Komi til uppbyggingar iðnaðarstarfsemi í Finnafirði munu stjórnvöld í samvinnu við sveitarfélög á svæðinu styðja við frekari uppbyggingu innviða með sambærilegum hætti.**

d. (Liður c verði d)

Athugasemdir við einstaka liði tillögunnar.

1.3. Bættar samgöngur.

Stefnumótun ríkisins í samgöngumálum er sett fram í tólf ára samgönguáætlun 2011–2022 þar sem skilgreind eru markmið um greiðar, hagkvæmar, öruggar og umhverfislega sjálfbærar samgöngur sem stuðla að jákvæðri byggðaþróun. Verkefnaáætlun í samgöngumálum er sett fram í fjögurra ára samgönguáætlun 2011–2014. Afar mismunandi er hversu ódýrt, fljótlegt og öruggt er að komast leiðar sinnar innan og milli núverandi atvinnu- og þjónustusvæða. Umferðarmannvirki milli höfuðborgarsvæðisins og nálægra svæða á suðvesturhorni landsins anna tæplega daglegri umferð á álagstímum. Samgöngur eru víða ótryggar innan og milli einstakra atvinnu- og þjónustusvæða,

sérstaklega á Austurlandi og Vestfjörðum. Vegir á miðhálandinu eru flestir illfærir venjulegum bílum og lokaðir stóran hluta ársins. Innanlandsflug gegnir mikilvægu hlutverki í tengingu atvinnu- og þjónustusvæða á Vestfjörðum, Norðurlandi, Austurlandi og Suðurlandi við höfuðborgarsvæðið. Samgöngur við Vestmannaeyjar um Landeyjahöfn eru ótryggar. Flestar forsendur eru til staðar til að hægt sé að hefja beint millilandaflug til Akureyrar **og Egilsstaða** og mikilvægt að vinna áfram að því markmiði.

Um lýsingu á samgöngum sjá kafla 4.1–4.3 í ritinu Stöðugreining 2013, bls. 35–39.

Virðingarfyllst;

Hrund Snorradóttir

Kt. 240875-5279

Verkefnastjóri á Nýsköpunar- og þróunarsviði Austurbrúar ses.